25. Um blysför á Eyrarbakka.

1 blað fol. Rithönd og höfundur ókunnur. Að líkindum ætlað til birtingar í einu af hinum handskrifuðu blöðum Jóns Pálssonar.

Stórar frjettir og skemtilegar. Það var
haldinn Blysför um daginn á Eyrarbakka, hún
gekk reglulega til sem von vará, af því Pólitiinn
voru svo skrambi mörg, ekki held jeg þau hafi samt
verið ellefu, eins og Roðorðinn hanns Ketils.
þess vegna veit jeg ekki um hvað þau hljóðuðu.
þau hafa líklega ætlað að láta, áhorfendurnar
hliðra til fyrir drottningunni. hefði hún komið
enn það stóð svo bölvanlega á fyrir henni, að
hún hafði leigið á söng. eða svo sögðu gáríngarn-
-ir, Þennann sama dag. var blind þreifandi ös.
á Vefnaðarvörudeildinni, allir að kaupa
Uniforms borðana, ekki held jeg þeir hafi verið
eins margir þann dag í olíuportinu, þeir hafa
verið búnir að koma þar áður. og fá á brúsan.
enn áður enn lokað var þettað kveld. var apt,
opnaður kraninn á Brennivíns vítinu. því
jeg held það sje rjett að skemta sjer, almennlega
einusinni. það er ekki so opt að svona lögað skemt-
un er. sem allir meiga njóta hvaða stöðu sem eru.
nú lítum við allir rjettum augum. á Goodtemplars
húsið, enn enginn hornauga til þess. við höfum
feingið það leigt. og seljum inngangin á 40 aura
Lampana feingum við líka leigða, og brúkum við
þá eins og okkur sínist. og pössum þá. af því
þeir eru so brothættir verður að fara so varlega
með þá. til að brjóta þá ekki. þá var spilarinn
enginn hjegómi. því hann sóttum við austur að
Stokkseyri. svona stórar og skemtilegar samkomur.
eru ekki hægt að halda með áhöldum úr einu
plássi. enn á þessu stendur mig ekki neitt, enn
það þikir mjer skrítið. að forstöðumenn þessarar
samkomu voru ekki templarar, heldur aðrir
blessaðir náungar. þeir flæktu reyndar nokkrum
í fjelag við sig. af Templurum. því án þeirra
gátu þeir ekki. skriðið framm með sitt eina
Ball á vetrinum. jeg vonast eptir að allir hafi verið
lausir við svo kallaða timburmenn eptir þettað Ball,

með sjerstakri Kærleisi, og lotningu
fyrir öllum álfa skaranum, og hellst
Drottningunni þegar hún kemur á fætur